



Gunnarshúsi 9.5.2012

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Frá Stjórn Rithöfundasambands Íslands (RSÍ)

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um bókmenntasjóð og fl. (Miðstöð íslenskra bókmennta), 654. mál.

Stjórn Rithöfundasambands Íslands lýsir yfir ánægju sinni með framkomnið frumvarp. Löngu er orðið tímabært að koma á stofn Miðstöð íslenskra bókmennta eins og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Þar með verði tryggt að íslenskir höfundar geti áfram verið þátttakendur/leikendur á því stóra sviði sem heimsbókmennir eru. Að lokinni Bókamessunni í Frankfurt 2011 þar sem íslenskar bókmenntir skipuðu heiðurssæti er slík stofnun beinlínis bráðnauðsynleg. Stjórn RSÍ vill því hnykkja sérstaklega á a. (2.gr) b-lið þar sem kveðið er á um að viðfangsefni Miðstöðvarinnar verði: Að “kynna íslenskar bókmenntir hér á landi og erlendis og stuðla að útbreiðslu þeirra.”

Brýnt er að tryggja meira fjármagn til verkefna Miðstöðvarinnar í framtíðinni. Ljóst er að verðgildi styrkja til útgáfu innanlands hefur rýrnað stórlega á undanförunum árum. Til að halda úti fjölbreyttri útgáfu á litlu málsvæði þarf öflugur stuðningur stjórnvalda að koma til.

Hlutverk Miðstöðvarinnar er margþætt og skipta allir þættir gríðarlega miklu máli. Þýðingar öndvegisrita á íslenska tungu, útgáfa stórvirkja sem fjárhagslega hafa ekki burði til að standa undir sér en eru ómetanleg. Þýðingar úr íslensku ásamt metnaðarfullu kynningarstarfi og stuðningi við þýðendur. Allt verður þetta að haldast í hendur. Eitt má ekki verða á kostnað annars.

Með vísan í b. (3.gr) um skipan stjórnar vill Rithöfundasambandið taka fram að rökstuðningur fyrir tveimur fulltrúum þess kom fram í athugasemdum við lagafrumvarp um bókmenntasjóð o.fl. frá 2007 en þar segir: “Þar sem hagsmunir rithöfunda og þýðenda vega þungt er talið eðlilegt að Rithöfundasamband Íslands tilnefni tvo fulltrúa í stjórnina”. Undirstrika ber nauðsyn þess að bókmenntaþýðendur hafi áfram fulltrúa í stjórn Miðstöðvarinnar enda eiga þeir ótvíræðra hagsmuna að gæta.

f.h. stjórnar Rithöfundasambands Íslands
Kristín Steinsdóttir formaður